

Mánudaginn 18. desember 1989.

Nr. 475/1989. **Ákærvaldið**

gegn

Guðrúnu Geirsdóttur.

Kærumál. Dómsátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 8. desember 1989. Hann krefst þess, að hin kærða dómsátt verði úr gildi felld.

Í þinghaldi í sakadómi Akraness 13. þ.m. kynnti héraðsdómari varnaraðila kæru þessa. Varnaraðili kvaðst taka undir kröfu ákærvalds.

Hin kærða dómsátt var gerð í sakadómi Akraness 29. nóvember 1989. Sættist varnaraðili þá á greiðslu sektar fyrir brot á 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 2. mgr. 102. gr., sbr. 48. gr., sbr. 100. gr., umferðarlaga, nr. 50/1987, með því að hafa ekið bifreið undir áhrifum áfengis án þess að hafa ökuskírteini meðferðis. Jafnframt sættist hún á ökuleyfisviptingu í 12 mánuði.

Magn alkóhóls í blóðsýni, er tekið var úr varnaraðila, mældist 1,30‰. Með vísan til dóms Hæstaréttar í málinu nr. 59/1988 (Hrd. 1988, 346. bls.) bar að færa brot hennar fyrir akstur undir áhrifum áfengis undir 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr., umferðarlaga, sem samkvæmt 102. gr. þeirra laga leiðir til skemmri ökuréttindamissis og einnig samkvæmt dómvenju til lægri sektar en á var sæst. Dómsáttin fær því ekki staðist. Ber að fella sáttina úr gildi samkvæmt 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974.

D ó m s o r ð:

Hin kærða dómsátt er úr gildi felld.

Sátt, gerð í sakadómi Akraness 29. nóvember 1989.

Ár 1989, miðvikudag 29.11., er dómþing sakadóms Akraness háð í skrifstofu dómsins að Suðurgötu 57 af Jóni Vilberg Guðjónssyni, fulltrúa bæjarfógeta.

Dómarinn leggur fram eftirgreind skjöl, sem fylgja í frumriti: nr. I, skjalaskrá lögreglunnar á Akranesi.

Kl. 15.30 kemur í dóminn kærða, Guðrún Geirsdóttir kennari, Lerki-grund 3, kt. 221157-4869.

Kærðu er kunngert sakarefnið og jafnframt gætt ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Kærða játar að hafa ekið bifreiðinni E 3571 um götur Akraness 24.6. 1989 undir áhrifum áfengis án þess að hafa ökuskírteini meðferðis.

Dómarinn skýrir nú kærðu frá því, að í blóðsýni því, sem úr henni var tekið í umrætt skipti, hafi alkóhól mælst 1,30‰.

Samkvæmt heimild í 112. gr. laga nr. 74/1974 býður dómari kærðu að ljúka málinu þannig, að hún fallist á að greiða 20.000,00 kr. í sekt til ríkis-sjóðs samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og sæta því jafnframt að vera svipt ökuréttindum í 12 mánuði samkvæmt 81. gr. umferðarlaga, en brot hennar þykir efnislega varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 2. mgr. 102. gr., sbr. 48. gr., sbr. 100. gr., umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. 77. gr. alm. hegningarlaga, nr. 19/1940.

Kærða samþykkir að ljúka málinu á þann veg, og skal greiða sektina fyrir 1.3. 1990, en ella sæti kærða í hennar stað varðhaldi í 10 daga.

Kærða samþykkir að greiða málskostnað, 4.500,00 kr., fyrir sama tíma.

Kærðu er gert ljóst, að ökuleyfissviptingin gildir frá 13.12. 1989.

Framangreint brot hefur ítrekunaráhrif á síðari brot skv. 71. gr. laga nr. 19/1940.